

SAMÞYKKTIR

fyrir Myndhöfundasjóð Íslands - Myndstef.

1. gr.

Tilgangur.

Myndstef eru hagsmunasamtök á sviði höfundaréttar að myndverkum og gegnir því hlutverki að vernda höfundarétt félagsmanna vegna birtingar á verkum þeirra til almennings og vegna annarrar hliðstæðrar notkunar. Heimili Myndstefs og varnarþing er í Reykjavík.

Verkefni samtakanna auk almennrar höfundaréttargæslu fyrir félagsmenn skal vera að safna upplýsingum um notkun myndefnis félagsmanna vegna útgáfu og birtingar á því til almennings, að koma á fót skrifstofu og vinnukerfi til þess að innheimta þóknun fyrir þessa notkun og koma henni til skila til félagsmanna og hafa með höndum gerð gjaldskrár og taxa í því sambandi.

Myndstef tekur einnig að sér innheimtu höfundabóknunar utanfélagsmanna í þeim tilvikum sem gerðir eru samningar um greiðslur fyrir afnot myndverka og ábyrgist jafnframt skil þeirra gjalda til viðkomandi höfunda, þannig að þeir verði jafnsettir félagsmönnum hvað innheimtu og skil þessara gjalda varðar. Vísast í því sambandi m.a. til 25. gr. höfundalaga nr. 73/1972 eins og henni var breytt með 9. gr. laga nr. 57/1992 um breytingu á höfundalögum.

Ennfremur að hafa með höndum samskipti við hliðstæða erlenda aðila og koma fram fyrir hönd félagsmanna gagnvart Fjölís og öðrum höfundasamtökum í samræmi við tilgang félagsins.

Þá er það og verkefni félagsins að fylgjast grannt með þróun laga, reglna og viðskipta-hátta á þessu sviði og annast samningagerð félagsmanna við opinbera- og einkaaðila um höfundaréttarleg hagsmunamál félagsmanna vegna opinberrar birtingar og notkunar á myndverkum þeirra.

Félagsmönnum er ekki skylt að fela Myndstefi neina aðra hagsmunagæslu á höfundaréttarsviði nema hvað varðar birtingu á myndverkum og aðra hliðstæða notkun.

2. gr.

Aðild.

Stofnendur Myndstefs eru Samband íslenskra myndlistarmanna, Félag íslenskra teiknara, Félag grafískra teiknara og Ljósmyndarafélag Íslands. Allir sem eru aðilar þessara félaga verða sjálfkrafa félagsmenn í Myndstefi enda skal setja sérstakt ákvæði þar um í lög eða samþykktir ofangreindra félaga.

Rétt til inngöngu í félagið eiga hagsmunasamtök og stofnanir sem fara með höfundarétt að myndverkum eins og skilgreint er í 1. mgr. 1. gr. hér að framan. Fulltrúaráð fjallar um þær aðildarumsóknir og þarf samþykki 2/3 hluta aðildarfélaga til þess að aðild teljist samþykkt. Auk þess geta átt aðild að Myndstefi þeir sem eiga og fara með höfundarétt að myndverkum og geta átt hagsmuna að gæta vegna birtingar og annarrar hliðstæðrar notkunar á myndverkum þeirra. Til þess að geta öðlast slíka aðild að Myndstefi þarf viðkomandi aðili að undirrita umboð til Myndstefs og skuldbinda sig til þess að lúta lögum og reglum félagsins. Ennfremur þarf að liggja fyrir samþykkt stjórnar um aðild.

Fulltrúaráðið getur ákveðið að þeir sem eiga einstaklingsaðild að Myndstefi myndi hóp og tilnefni fulltrúa í fulltrúaráð og stjórn Myndstefs, sbr. 3. gr.

Heimilt er að segja sig úr félaginu en til þess að úrsögn sé gild þarf hún að berast stjórn með minnst 6 mánaða fyrirvara miðað við áramót.

3. gr.

Hvert aðildarfélag tilnefnir einn aðalmann og einn til vara í fulltrúaráð Myndstefs. Varamenn hafa rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt. Aðildarfélög tilkynna tilnefningu fulltrúa skriflega til Myndstefs og gildir hún þar til hún er afturkölluð skriflega.

Aðalverkefni fulltrúaráðsins eru að fjalla um í aðalatriðum starf og stefnu Myndstefs, sbr. 1. gr. samþykktar þessarar og þarf 3/4 hluta atkvæða til ákvarðana. Ennfremur að hafa eftirlit með starfsemi félagsins.

Fulltrúaráðið skal koma saman til aðalfundar einu sinni á ári eigi síðar en í maí.

Dagskrá aðalfundar skal vera eftirfarandi:

1. Stjórnarformaður flytur skýrslu stjórnar.
2. Lagðir fram til afgreiðslu endurskoðaðir reikningar.
3. Kosning formanns fulltrúaráðs.
4. Tilnefning stjórnar og varamanna lögð fram.
5. Kosning tveggja endurskoðanda og skal a.m.k. annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi.
6. Önnur mál.

Fulltrúaráðsfundi skal halda þegar stjórn eða a.m.k. tvö aðildarfélög óska þess. Fulltrúaráðið skal boðað til funda skriflega með minnst 2 vikna fyrirvara. Geta skal dagskrár í fundarboði. Tillögur til aðalfundar skulu berast eigi síðar en 1. mars ár hvert.

Formaður stjórnar fundum fulltrúaráðs og verður ekki ályktað á fulltrúaráðsfundi um mál sem ekki er getið í fundarboði. Afl atkvæða ræður úrslitum sé annað ekki sérstaklega ákveðið. Fundargerðir skulu færðar í gerðarbók.

4. gr.

Hvert stofnfélag sbr. 1. mgr. 2. gr. skipar einn aðalmann og einn til vara í stjórn Myndstefs. Aðildarfélög tilkynna tilnefningu stjórnarmanna skriflega til Myndstefs og gildir hún þar til hún er afturkölluð skriflega. Fjölgi aðildarfélögum skal hvert félag skipa einn aðalmann og einn varamann í stjórn félagsins. Verði aðildarfélög fleiri en sjö skal endurskoða þessa lagagrein þó út frá því grundvallaratriði að stofnfélög hafi hvert einn fulltrúa í stjórn en önnur aðildarfélög skipti á milli sín þremur fulltrúum. Stjórn velur sér formann og varaformann, úr sínum hópi, til eins árs í senn. Varamaður formanns kemur inn í stjórn sem aðalmaður og tilnefnir félag hans annan til vara.

Stjórnin stýrir starfsemi Myndstefs. Boðað skal til stjórnarfunda með viku fyrirvara skriflega og greina frá fundarefni. Skylt er að halda stjórnarfund ef formaður eða tveir stjórnarmenn óska þess. Stjórnarfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað og meirihluti stjórnarmanna og/eða varamanna sækir fund. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum. Fundargerðir stjórnarfunda skulu skráðar í gerðarbók.

Stjórnin sér um daglegan rekstur Myndstefs og getur í því sambandi tekið ákvörðun um rekstur skrifstofu og gert samninga um starfsmannahald. Stjórnin skipar fulltrúa til setu í stjórnnum, ráðum og nefndum sem Myndstef kann að eiga aðild að.

Stjórnin hefur rétt til setu á fulltrúaráðsfundum með málfrelsi og tillögurétti svo og framkvæmdastjóri félagsins sem hefur sams konar rétt til fundarsetu á stjórnarfundum.

5. gr.

Þeim fjármunum sem félagið innheimtir skal úthlutað til þeirra höfundaréttarhafa sem hlut eiga að máli að svo miklu leyti sem það er unnt og eftir að stjórnin hefur dregið frá kostnað vegna innheimtu. Aðra fjármuni sem eðli máls samkvæmt verður ekki úthlutað beint

til höfundaréttareigenda skal leggja á sérstakan reikning. Árlega skal gera reikning þennan upp á þann veg að fyrst skal taka fyrir rekstrarkostnaði félagsins eftir nánari ákvörðun stjórnar og síðan skal greiða hverju aðildarfélagi sem rétt eiga til fjármuna í þeim hlutföllum sem félögin eru sammála um skiptinguna. Hafi stjórnin komið sér saman um skiptingu milli aðildarfélaganna skal ekki inna greiðslur af hendi fyrr en ljóst er að ekki verði óskað gerðardóms sbr. 6. gr. Verði ágreiningur um skiptingu fjárins skal leggja þann ágreining fyrir stjórn félagsins en náist ekki fullt samkomulag um ágreininginn innan stjórnar getur aðildarfélag vísað málinu til gerðardóms sbr. 6. gr. samþykktá þessara.

6. gr.

Öllum ágreiningsmálum sem upp kunna að koma vegna ákvörðunar stjórnar um meðferð og skiptingu fjármuna félagsins skal vísað til sérstaks gerðardóms enda hafi áður verið fjallað um ágreininginn í fulltrúaráði og stjórn. Gerðardómur úrskurðar ennfremur í málum sem lúta að synjun á aðildarumsóknum svo og ágreiningsmálum milli aðildarféлага um skilning á samþykktum Myndstefs.

Stefnu til gerðardóms skal senda í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir afgreiðslu stjórnar á ágreiningsmáli og tilkynningu aðila um úrslit þar um. Að öðru leyti gilda um málsmeðferð reglur í lögum um meðferð einkamála í héraði. Ofangreindur gerðardómur skal þannig skipaður að yfirborgardómari í Reykjavík tilnefni þrjá dómendur til tveggja ára í senn þar af a.m.k. tvo lögfræðinga og skal annar þeirra vera sérfróður á sviði höfundaréttar.

7. gr.

Samþykktir þessar taka gildi þegar þær hafa verið samþykktar með meirihluta atkvæða á fyrsta fulltrúaráðsfundi. Til breytinga á þeim þarf 3/4 hluta atkvæða á aðalfundi fulltrúaráðs enda séu mættir fulltrúar fyrir 4/5 hluta aðildarfélaganna.

Slíta skal félaginu ef þess er krafist af 3/4 hluta aðildarféлага og krafan samþykkt á fulltrúaráðsfundi með atkvæðum 3/4 hluta allra aðildarfélaganna.

Ákvæði til bráðabirgða.

Verja skal öllum innheimtum tekjum félagsins fyrstu þrjú starfsár þess, sem ekki verður úthlutað beint til höfundaréttarhafa, til þess að standa straum af stofnkostnaði og koma rekstri þess í viðunanlegt horf. Fulltrúaráðið getur framlengt þetta tímabil ef nauðsyn krefur.

Með birtingu þessari staðfestist hér með lögformleg viðurkenning Myndhöfundasjóðs Íslands - Myndstefs á grundvelli 25. gr. höfundalaga nr. 73/1972 sbr. 9. gr. laga nr. 57/1992.

Menntamálaráðuneytið, 10. júlí 1995.

Björn Bjarnason.

Bórunn J. Hafstein.